



Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1713
komudagur 13.4.2012

Reykjavík 12. apríl 2012
Tilv. 230. mál

Efni: Umsögn um þingskjal 236– 230. mál – Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi nr. 43/1999, með síðari breytingum.

Í framhaldi af tölvupósti nefndasviðs Alþingis d. 21. mars 2012 þar sem óskað er eftir umsögn SÍK um þingskjal 236 – 230. mál þá vill SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda koma eftirfarandi á framfæri:


SÍK fagnar því að til standi að hækka tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Á Íslandi starfar nú þegar öflugur hópur fagfólks sem fær nær einróma lof innlendra og erlendra kvikmyndaframleiðenda fyrir fagleg og fumlauðs vinnubrögð við ólíklegustu aðstæður. Þessi fagþekking hefur byggst upp á undanförunum árum og er tilkomin vegna aukinnar framleiðslu á íslensku kvikmyndaefni á tímabili og fleiri erlendra verkefna sem unnin hafa verið á Íslandi.

Fagþekkingin sem orðin er til á Íslandi er fyllilega á pari við það besta sem þekktist í nágrannalöndum okkar. SÍK telur að með slíkri hækkun tímabundinnar endurgreiðslu muni kvikmyndaíðnaðurinn eflast enn frekar með tilheyrandi fjölgun starfa og aukinni veltu.

Með bestu kveðju,

f.h. hönd SÍK – Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda



Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK
chairman@producers.is